

# STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 1998

---

16. mars 1998

693

Nr. 187

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Eyrarbyggahrepps, Sandvíkurhrepps, Selfosbæjar og Stokkseyrarhrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 16. mars 1998 staðfest sameiningu Eyrarbyggahrepps, Sandvíkurhrepps, Selfosbæjar og Stokkseyrarhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 20. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga í Eyrarbyggahreppi, Sandvíkurhreppi og Stokkseyrarhreppi og undirkjörstjórnir í Selfosbæ skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Yfirkjörstjórnin í Selfosbæ skal vera yfirkjörstjórn við kosningarnar fyrir öll sveitarfélögin.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 7. júní 1998.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytinu, 16. mars 1998.*

**Páll Pétursson.**

*Sesselja Árnadóttir.*